

L Ö G**um þátttöku Sildarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sildarverksmiðjum ríkisins er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að leggja fram allt að kr. 2 000 000.00 sem hlutafé í hlutafélagi, sem stofnað yrði í Siglufirði í samvinnu við Siglufjarðarkaupstað, til að eiga og reka vélbáta frá Siglufirði, svo og botnvörpunginn Hafliða, sem nú er í eigu Siglufjarðarkaupstaðar. Framlag sildarverksmiðjanna verði 55% af hlutafé félagsins.

Heimild þessi miðast við, að skip væntanlegs útgerðarfélags verði í föstum viðskiptum við Sildarverksmiðjur ríkisins og hraðfrystihús þeirra, eftir því sem frekast verður við komið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G**um fasteignamat og fasteignaskráningu.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um aðalmat fasteigna.

1. gr.

Allar fasteignir á landinu, sem ekki eru sérstaklega undanteknar samkv. lögum þessum, skulu metnar til þeningaverðs. Allsherjarmat skal fara fram fimmtánda hvert ár, og nefnist það mat aðalmat fasteigna. Þegar aðalmati er lokið, löggildir fjármálaráðherra fasteignamatsskrá og kveður á um, frá hvaða tíma hún taki gildi.

2. gr.

Aðalmat fasteigna er framkvæmt af fasteignamatsnefndum í héruðum undir yfirstjórn yfirfasteignamatsnefndar.